



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS EYSTRA



AKUREYRARSTOFA



# Ferðamenn í Grímsey sumarið 2018

## Niðurstaða könnunar

Vera Vilhjálmisdóttir  
Ragnar Hólm Ragnarsson  
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurlóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460-8930

Rafpóstur: rmf@unak.is

Veffang: www.rmf.is

Titill: Ferðamenn í Grímsey sumarið 2018. Niðurstöður könnunar.

Höfundar: Vera Vilhjálmsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-21-2018

ISBN: 978-9935-437-88-4

ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Vitinn í Grímsey © Friðþjófur Helgason

Aðrar myndir: © Friðþjófur Helgason

*Skýrslan er unnin með stuðningi Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra*

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

## KÖNNUN MEÐAL FERÐAMANNA Í GRÍMSEY SUMARIÐ 2018

### Inngangur

Í ferðamálastefnu Akureyrarbæjar fyrir 2016-2026 eru helstu áherslur hvað varðar Grímsey að gera eyjuna að eftirsóknarverðum áfangastað og þekkta fyrir að vera nyrsta byggð Íslands. Einnig er áhersla lögð á að fá ferðamenn til að dvelja lengur í eyinni en þeir gera í dag. Því er lagt upp með það í ferðamálastefnunni að vinna að frekari markaðssetningu og uppbyggingu á áfangastaðnum og skerpa á sérstöðu hans.

Starfssemi sem tengist ferðaþjónustu í eyjunni í dag eru m.a. tvö gistiheimi, tjaldsvæði, veitingastaður, handverksbúð og kaffihús. Ferðamenn komast til eyjunnar ýmist með ferju eða flugi, bæði er boðið upp á áætlunarferðir og sérferðir. Það gengur ferja til Grímseyjar frá Dalvík þrisvar í viku allt árið um kring og fimm sinnum í viku yfir sumartímann (júní til ágúst) og tekur siglingin um 3 tíma. Flogið er á milli Akureyrar og Grímseyjar þrisvar í viku allt árið, en flogið er fimm til sjö sinnum í viku yfir sumarið (júní til ágúst). Samkvæmt ferðamálastefnu Akureyrar er stefnt að því að auka áætlunarferðir til eyjarinnar allt árið, sérstaklega á tímabilinu apríl til september.

Þessi skýrsla er unnin að beiðni Akureyrarstofu um að taka saman niðurstöður könnunar sem gerð var meðal ferðamanna í Grímsey sumarið 2018. Markmiðið með könnuninni var að fá upp betri mynd af upplifun og ferðavenjum erlendra ferðamanna til Grímseyjar sem hægt væri að vinna áfram með í markaðssetningu áfangastaðarins. Kannað var, meðal annars, hvað vakti áhuga ferðamanna á Grímsey og hvar þeir fengu upplýsingar um hana. Einnig var spurt um ferðamáta, dvalarlengd og ferðahegðun.



## KÖNNUN MEÐAL FERÐAMANNA Í GRÍMSEY SUMARIÐ 2018

### Aðferðir og framkvæmd

Könnun var lögð fyrir ferðamenn á leið frá Grímsey á tímabilinu 20. júlí til 20. ágúst 2018. Spurningalisti á ensku, sem saminn var af Ragnari Hólmi Ragnarssyni hjá Akureyrarstofu, lá frammi í flugstöðinni í Grímsey og í ferjunni Sæfara sem siglir á milli Dalvíkur og Grímseyjar. Spyrjar voru ekki til staðar en ferðamenn fylltu sjálfir út spurningalistana og skildu eftir. Á framkvæmdatímabilinu komu 163 einstaklingar til Grímseyjar með flugi og 2514 með ferjunni\*. Fjöldi svara sem safnaðist á tímabilinu var 176, þannig að svarhlutfall könnunarinnar er um 6,6%. Endanlegur fjöldi svara er því yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og  $\pm 10\%$  úrtaksskekkju.

Niðurstöður könnunarinnar voru flokkaðar eftir búsetu svarenda og skipt upp í fjóra flokka til frekari greiningar. Flokkarnir byggjast á búsetulandi svarenda og skiptast upp í eftirfarandi:

1. Evrópa (90 svör)
2. N-Ameríka (56 svör)
3. Önnur lönd (17 svör)
4. Ísland (12 svör)

Þar sem áhersla könnunarinnar var á erlenda ferðamenn og þeirra ferðahegðun, verða niðurstöður þessarar skýrslu miðaðar að fyrstu þremur flokkunum.

Gögnin voru einnig greind sérstaklega með tilliti til tveggja bakgrunnspátta, þ.e. kyns og aldurs. Sérstaklega er tekið fram í samantekt á niðurstöðum spurninganna ef þessir bakgrunnspættir reyndust hafa marktæk áhrif á niðurstöðurnar. Ekki reyndist grundvöllur til að brjóta svörin niður og greina eftir öðrum bakgrunnsbreytum.

\* Farþegafjöldinn sem gefinn er upp nær til allra farþega á tímabilinu, en ekki einungis til ferðamanna. Farþegafjöldi ferjunnar er fyrir tímabilið 20. júlí til 31. ágúst sem skeykir svarhlutfallið lítillega.


### Úrtak og bakgrunnur svarenda

Ferðamenn í Grímsey		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	2677	6,6%
	Fjöldi svara	176	
<b>Kyn</b>	Karlar	80	45,5%
	Konur	96	54,5%
<b>Aldur</b>	24 ára og yngri	26	14,8%
	25-44 ára	73	41,5%
	45-64 ára	53	30,1%
	65 og eldri	22	12,5%
<b>Menntunarstig</b>	Grunnskólapróf	5	2,8%
	Framhalds- og iðnnám	51	29,0%
	Háskólapróf	118	67,0%
<b>Tekjur</b>	Yfir meðallagi	87	49,0%
	Í meðallagi	65	38,6%
	Undir meðallagi	17	10,0%
<b>Ferðamáti</b>	Flug, fram og tilbaka	41	23,3%
	Ferja, fram og tilbaka	117	66,5%
	Flug eina leið, ferja hina	12	6,8%
<b>Dvalarlengd</b>	Dagsferð	157	89,2%
	Næturgisting	17	9,7%
<b>Ánægjustig</b>	Frábært	110	62,5%
	Yfir meðallagi	48	27,3%
	Í meðallagi	9	5,1%
	Undir meðallagi	5	2,8%
	Ófullnægjandi	0	0,0%



## BAKGRUNNUR FERÐAMANNA Í GRÍMSEY: BÚSETA OG ALDUR

Hlutfall ferðamanna eftir búsetu




### BÚSETULÖND

Svarendur komu frá 31 landi, flestir frá N-Ameríku og Evrópu. Þegar einstaka lönd eru skoðuð, komu flestir frá Bandaríkjunum eða um 28,4%.

Rúmur helmingur svarenda kom frá Evrópu, þar af voru flestir frá Þýskalandi og Frakklandi (17%). Svarendur frá Mið- og V-Evrópu voru stærsti hópurinn innan Evrópu (25%). Örfáir svarenda voru frá hinum Norðurlöndunum (3) og frá Bretlandi (6). Tólf svarendur komu frá Íslandi en við greiningu gagna voru þeir ekki taldir með hinum Evrópubúunum.

Nokkrir komu enn lengra að, t.d. frá Ástralíu (8) en aðrir dreifðust á lönd í Asíu, Mið-Austurlöndum og S-Ameríku. Gjarnan einn frá hverju landi.

Aldursskipting eftir svæðum



### ALDURSSKIPTING

Stærsti hópur allra svarenda eru ferðamenn á aldrinum 25-34 ára eða um 22% og sá næststærsti ferðamenn á aldrinum 35-44 ára.

Ferðamenn frá Evrópu eru þó að meðaltali yngri en þeir sem koma frá öðrum löndum. 60,4% ferðamanna frá Evrópu voru á aldrinum 18-44 ára en aðeins 22,2% voru eldri en 45 ára.


Hins vegar voru 55,3% ferðamanna frá N-Ameríku og 70,5% frá öðrum löndum eldri en 45 ára.

Flestir Íslendinga voru á aldrinum 45-54 ára eða um 42%.



## BAKGRUNNUR FERÐAMANNA Í GRÍMSEY: KYN, TEKJUR OG MENNTUN

### Kynjaskipting eftir svæðum




### KYNJASKIPTING

Kynjahlutföll svarenda voru nokkuð jöfn, en 45,5% svarenda voru karlar og 54,5% konur.

Kynjaskipting svarenda frá N-Ameríku var nokkuð mismunandi eftir aldurshópum. En kynjahlutfallið var 50/50 fyrir ferðamenn 44 ára og yngri, en 33% karlar og 67% konur fyrir ferðamenn eldri en 45 ára.

Þó kynjahlutföllin héldust nokkuð jöfn innan Evrópu sem heildar, þá voru konur í meirihluta svarenda frá Þýskalandi (71%) og Frakklandi (61%).

### Í samanburði við aðra í þínu heimalandi, hvernig metur þú tekjustig þitt?



### TEKJUR OG MENNTUNARSTIG

Menntunar- og tekjustig er almennt hátt meðal svarenda.


Langflestir svarenda telja sig vera með meðaltekjur eða hærri miðað við tekjur í sínu heimalandi.

Evrópubúar eru líklegri til að telja sig vera með meðaltekjur eða yfir meðaltali, á meðan N-Ameríkumenn eru líklegri til að telja sig vera með háar tekjur eða yfir meðallagi. 75% svarenda frá Íslandi telja sig vera með meðaltekjur.

Langflestir svarenda eru með háskólagráðu (67%) og er hverfandi munur eftir markaðssvæðum.




## FERÐAMÁTI OG DVALARLENGD



### LANGFLESTIR Í DAGSFERÐ

Ferðamenn eru langflestir í dagsferð til Grímseyjar eða um 90% og á það nokkuð jafnt við um alla óháð bakgrunnsbreytum. Íslendingar virðast heldur líklegri til að gista yfir nótt og draga því meðaltalið rétt niður fyrir 90%.

Meirihluti þeirra (12 af 16) sem gisti yfir nótt voru í 1-2 nætur. Svarhlutfall við þessum hluta spurningarinnar var of lágt til að greina frekar hvaða markaðssvæði eru líklegust til að gista yfir nótt.



### FERJAN VINSÆLUST HJÁ EVRÓPUBÚUM EN FLUGIÐ LOKKAR AÐRA


Ferðamenn utan Evrópu virðast líklegri til að fljúga bæði fram og tilbaka eða um 41%.

Ferðamenn frá N-Ameríku eldri en 45 ára eru líklegri til að nýta sér flugið báðar leiðir (55%) en þeir sem yngri eru (25%).


80% Evrópubúa nýta sér ferjuna fram og tilbaka, en 16,6% nýta sér flugið að einhverju leiti og eru það frekar eldri ferðamenn sem velja þann kost.



## HVATI FERÐAMANNA TIL AÐ HEIMSÆKJA GRÍMSEY



\* Svarendur gátu merkt við fleiri en einn valmöguleika



### HEIMSKAUTSBAUGURINN, FUGLALÍF OG NÁTTÚRAN STERKT AÐDRÁTTARAFI

Þegar skoðað er hvað fyrst vakti áhuga ferðamanna á því að heimsækja Grímsey þá sést að staðsetning eyjunnar, og þá sérstaklega Heimskautsbaugurinn, er helsti hvatinn. Þetta á jafnt við um alla svarendur, en baugurinn heillar þó N-Ameríkubúa einna mest.

Náttúra og fuglalíf Grímseyjar mælist einnig hátt sem hvati fyrir ferðinni. Náttúran mælist hæst hjá yngri Evrópubúum og hjá ferðamönnum utan Evrópu og N-Ameríku.

Almennt eru konur aðeins líklegri til að nefna náttúruna og fuglalífið sem kveikjuna að ferðinni en karlar líklegri til að nefna staðsetninguna og ljósmyndun.

Eins og sést á línugrafinu hér til vinstri þá er ekki mikill munur milli tveggja stærstu markaðssvæðanna, þ.e. ferðamanna frá Evrópu og N-Ameríku, þegar kemur að því helsta sem vakti fyrst áhuga þeirra á að heimsækja Grímsey.

Hjá Íslendingum er það náttúran sem heillar mest (75%) en þeir eru ekki eins áhugasamir og aðrir ferðamenn um fuglalíf Grímseyjar (33%).


Undir „Annað“ var eftirfarandi nefnt: lundar og aðrar fuglategundir, selir, hvalir, stuðlaberg og samfélagið í Grímsey.





## UPPLIFUN OG AÐPREYING FERÐAMANNA Í GRÍMSEY

### Merktu við allt sem þú sást og gerðir í Grímsey




### HEIMSKAUTSBAUGURINN OG FUGLALÍFIÐ VINSÆLAST

Heimskautsbaugurinn, fuglaskoðun, ljósmyndun og gönguferðir er það sem ferðamenn segjast helst hafa upplifað í heimsókn sinni til Grímseyjar.


Fuglaskoðun mælist aðeins lægri hjá Evrópubúum (75%) en hjá öðrum ferðamönnum (83-92%).

Undir „Annað“ var helst nefnt: matur og drykkur (flest svörin), kirkjan, vitinn og annað dýralíf en fuglar.

### Gönguferðir N-Ameríka



### Gönguferðir Evrópa



### GÖNGUFERÐIR MEÐ EÐA ÁN LEIÐSAGNAR

Konur eru aðeins líklegri til að fara í gönguferðir með leiðsögn en karlar. Ferðamenn utan Evrópu eru einnig líklegri til þess en Evrópubúar.

Enginn Þjóðverji eða Frakki sagðist hafa farið í gönguferð með leiðsögn.

Ferðamenn yngri en 44 ára eru líklegri til þess að fara í gönguferðir án leiðsagnar á meðan ferðamenn utan Evrópu og N-Ameríku eru ólíklegastir til þess.



## HVAR FENGU FERÐAMENN FYRST UPPLÝSINGAR UM GRÍMSEY?

### ÞEIR SEM YNGRI ERU NÝTA SÉR HELST FERÐABÆKUR EÐA RÁÐLEGGINGAR VINA OG VANDAMANNA

Svarendur fengu flestir upplýsingar um Grímsey í ferðabókum, frá vinum og vandamönnum og á vefsíðum. Það er þó munur á milli Evrópu og N-Ameríku í þessu, en almennt fengu Evrópubúar frekar fyrstu upplýsingar um Grímsey í ferðabókum á meðan N-Ameríkubúar nálgast þær á vefsíðum.

Yngri Evrópubúar eru líklegastir til að nýta sér ferðabækur (45%) og 20% þeirra fengu upplýsingar hjá vinum og vandamönnum. Aftur á móti eru yngri N-Ameríkubúar líklegastir til að fá upplýsingar hjá vinum og vandamönnum (42%) en aðeins 8,3% þeirra nýttu sér ferðabækur.

N-Ameríkubúar eru líklegri til að afla sér upplýsinga á vefsíðum (25%) en Evrópubúar (15%). Samfélagsmiðlar mælast þó lágt hjá öllum hópum, hæst hjá Evrópubúum eldri en 45 ára (8%). Önnur lönd eru líklegust til að nýta sér upplýsingamiðstöðvar (23,5%), ferðabækur eða vefsíður (17,6%).

Karlar virðast líklegri til að fá upplýsingar hjá vinum og vandamönnum (34%) og á vefsíðum (20%) en konur (22% / 16%). Konur eru aftur á móti líklegri til að nýta sér ferðabækur (37%) og ferðaskrifstofur (9%) en karlar (29% / 3%).


Undir „Annað“ voru skemmtiferðaskip allra helst nefnd, en einn Bandaríkjamaður nefndi Google maps og einn Breti sagðist hafa komið áður til Grímseyjar.

	Öll gild svör*	N-Ameríka	45 og eldri	44 og yngri	Evrópa	45 og eldri	44 og yngri
Vinir og vandamenn	23,3%	21,4%	6,5%	41,7%	22,2%	25,0%	20,3%
Dagblöð og tímarit	0,6%	0,0%	0,0%	0,0%	1,1%	0,0%	1,6%
Samfélagsmiðlar	2,8%	1,8%	3,2%	0,0%	3,3%	8,3%	1,6%
Ferðaskrifstofur	5,7%	3,6%	6,5%	0,0%	4,4%	0,0%	6,3%
Ferðabækur	29,0%	19,6%	25,8%	8,3%	42,2%	33,3%	45,3%
Útvarp og sjónvarp	1,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Vefsíður	15,3%	25,0%	22,6%	29,2%	11,1%	8,3%	10,9%
Annað	6,8%	10,7%	19,4%	0,0%	2,2%	0,0%	3,1%

\* Svarendur áttu aðeins að merkja við einn svarmöguleika en 26 þátttakendur merktu við fleiri og voru þau svör því ógild. Ef ógildu svörin væru tekin með myndu þau einungis styrkja þá svarmöguleika sem flestir merktu við, þ.e. vinir og vandamenn, ferðabækur og vefsíður. Þetta skekkir því ekki niðurstöðurnar að ráði.



## VIÐHORF FERÐAMANNA: ÁNÆGJA MEÐ DVÖLINA



### FERÐAMENN ALMENNT MJÖG ÁNÆGÐIR

Ferðamenn virðast almennt séð mjög ánægðir með dvöl sína í Grímsey, en tæp 90% svarenda meta upplifun sína sem frábæra eða yfir meðallagi.

Það eru helst Evrópubúar sem eru ekki eins afgerandi í ánægju sinni eins og önnur þjóðerni. Á meðan N-Ameríkubúar eru þeir ánægðustu heilt yfir.

Konur eru aðeins líklegri til að vera ánægðar með dvöl sína í Grímsey en karlar. Eldri ferðamenn eru einnig aðeins líklegri til að vera ánægðari með dvölinu en þeir yngri.

### HEIMAMENN FÁ LOFSAMLEGA DÓMA

Svarendur könnunarinnar gefa heimamönnum mjög góða einkunn. Þeir segja að heimamenn séu kurteisir, vingjarnlegir og hjálpsamir.

Margir lýsa yfir ánægju með leiðsögumann sinn um eyjuna eða aðra starfsmenn sem þeir hittu. Til dæmis fékk starfsfólk ferjunnar sérstakt lof frá einum ferðamanni.







## SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

**MARKAÐSSVÆÐI OG ALDUR SKIPTA MÁLI**

Evrópubúar eru líklegastir til að taka ferjuna til Grímseyjar báðar leiðir, á meðan önnur þjóðerni nýta sér jafnt flug og ferju. Yngri ferðamenn eru líklegri til að taka ferjuna og það getur skýrt að hluta til muninn á Evrópubúum og öðrum ferðamönnum, þar sem ferðamenn frá Evrópu voru almennt yngri.

Flestir svarenda fengu fyrst upplýsingar um Grímsey úr ferðabókum eða hjá fjölskyldu og vinum. Það er þónokkur munur á milli aldurshópa í N-Ameríku þegar kemur að því hvar þeir fengu fyrst upplýsingar um staðinn. Aðeins 6,5% eldri ferðamanna í N-Ameríku fengu fyrst upplýsingar hjá vinum og vandamönnum á móti um 42% þeirra yngri. Vefsíður eru sá miðill sem N-Ameríkubúar nýta sér jafn mikið á heildina litið.

Niðurstöður þessarar könnunar endurspeglar að nokkru leyti aðrar kannanir. Í ferðavenjukönnun sem gerð var á Akureyri sumarið 2017 meðal erlendra ferðamanna voru þeir spurðir hvar þeir fengu upplýsingar um staðinn. 45% sögðu að þeir hefðu fengið upplýsingarnar úr ferðabókum/bæklingum, 25% af vefsíðum og 14,5% frá vinum og vandamönnum (Mælaborð ferðabjónustunnar, 2018).

**FERÐAMENN STOPPA STUTT EN ERU ÁNÆGÐIR**

90% svarenda meta dvöl sína í Grímsey sem yfir meðallagi góða og vel það. Þeir eru líka ánægðir með það viðmót sem þeir fá frá heimamönnum.

Ferðamenn stoppa þó stutt í Grímsey en 90% þeirra eru í dagsferð og flestir þeirra koma með ferjunni. Það kom þó fram í athugasemdum frá nokkrum svarendum að þeir hefðu viljað dvelja lengur en þeir gerðu og það ætti að hvetja fólk til þess.

*„Friendly helpful locals“*

*„Great food at restaurant“*

*„A beautiful island, would have enjoyed a walk or perhaps overnight stay“*

**FERÐAMENN KALLA EFTIR BETRI UPPLÝSINGAGJÖF**

Það sem ferðamönnum finnst helst vanta er betri upplýsingagjöf. Það á sérstaklega við um betri skilti og merkingar fyrir göngustíga og áhugaverða staði.

Einnig nefndu ferðamenn að þeir hefðu viljað betra aðgengi að upplýsingum um fuglalífið, samfélagið og sögu eyjarinnar. Þá annað hvort með því að komast í skipulagðar gönguferðir eða með bæklingum / skiltum með upplýsingum. Tveir minntust á að þeir hefðu áhuga á safni um Grímsey.

Að lokum kölluðu nokkrir eftir betri upplýsingum um þá afþreyingu sem væri í boði fyrir ferðamenn.

*„The walking trails could be marked better“*

*„Better sign to reach the new Arctic Circle“*

*„Improve bird information on the site“*

*„Encourage individuals to stay longer“*

Það virðist því vera þónokkuð af tækifærum til að ná til ferðamanna og upplýsa þá betur um það sem Grímsey hefur upp á að bjóða. Ferðamenn sem koma til áfangastaðarins virðast áhugasamir um eyjunna og vilja kynna sér samfélagið, náttúruna og söguna sem þar er að finna.





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

2018